



## Hreppsnefnd 20. nóvember 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 20. nóv. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 20. nóv. 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundarins og síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 6. nóv. sl. Fundargerðin rædd. Varðandi 1. mál var upplýst að unnið væri að því að fá starfskraft í verkefnið "Vopnfirðingar virkja" og rætt hefði verið við sérstakan starfskraft í því sambandi. Í framhaldi af umræðum var samþykkt var að fela oddvita, varaoddvita og sveitarstjóra að ræða við viðkomandi aðila. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 8. nóv. sl. Fundargerðin rædd og tekið var fyrir 2. mál, umsókn um viðbótlán. Ræddar voru reglur varðandi veitingu slíkra lána. Fundargerðin samþykkt.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 16. okt. sl. og nóv. 2001. Fundargerðin rædd og samþykkt að miða við taka ekki yngri börn en eins árs inn á leikskólann Brekkubæ.

Nefndarmenn voru sammála um að verkfall tónlistaskólakennara væri orðið langt og erfitt fyrir nemendur. Rætt var um lengd skólaárs tónlistaskólans. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Húsnefnd Kaupvangs frá 13. nóv. sl. Lagt fram til kynningar.

Ennfremur voru lögð fram útboðsgögn vegna útboðs á næstu áföngum verksins, endurbyggingu hússins að innanverðu.

Hreppsnefndarmenn voru sammála um að skoða þyrfti vel áfangaskiptingu framkvæmdanna og tengja þá fjármagni sem fengist til verkens á fjárlögum ríkisins árið 2002. Í fundargerð húsnefndar Kaupvangs frá 13. nóv. sl., var tillaga um þetta.

Hreppsnefnd samþykkir stefnu nefndarinnar.

5. mál. Bréf Fasteignamiðstöðvarinnar, varðandi forkaupstétt á Noðru-Skálanesi I. Forkaupsrétti hafnað.

6. mál. Íbúðarlánsjóður bréf dags. 15. okt. og 13. nóv. sl., vaðandi úthlutun lána til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum. Lagt fram til kynningar.

7. mál. Brunavarnir á Héraði, bréf dags. 12. nóv. sl. varðandi hugmyndir um samstarf. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur slökkvistjóra að ræða við bréfitara um framvindu málsins.

8. mál. Landsbanki Íslands, fyrirhuguð þjónustuminnkun bankans á Vopnafirði. Mikil umræða varð um málið og voru nefndarmenn einhuga um að erfitt væri að kyngja því að opnunartími bankans yrði einungis frá kl. 12.30-16.00 virka daga. Lögð var fram svofelld tillaga:

"Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps harmar þá ákvörðun sem Landsbanki Íslands hefur tekið um minnkun þjónustu bankans á Vopnafirði og öðrum stöðum á Austurlandi, þar sem bankinn er ekki í samkeppni við aðrar bankastofnanir.

Ákvörðun þessi er tekin einhliða af stjórnendum bankans, þrátt fyrir að heimaaðilar hafi óskað eftir samvinnu við bankann um að vinna að lausnum er þjónuðu sem best hagsmunum hans og jafnframt þeim fjölmörgu viðskipavinum sem notið hafa þjónustu hans um langt árabil. Aðgerð af þessum toga er svartur blettur á margra ára farsæl samskipti Landbankans og Vopnfirðinga.

Hreppsnefnd hvetur til þess að forráðamenn bankans endurskoði ákvörðun sína og vinni að málinu í samvinnu við heimaaðila eins og óskað hefur verið eftir, þannig að farsælar lyktir fái á málið fyrir alla aðila. Í þessu sambandi óskar hreppsnefnd eftir fundi með forráðamönnum bankans áður en ákvörðun um þjónustuminnkun kemur til framkvæmda."

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða

9. mál. Tryggingamiðstöðin hf. bréf dags. 8. nóv. sl. varðandi verktryggingu, verksins “ Vopnafjörður, löndunarbryggja-stálþil”.

10. mál. Ýmsar fundargerðir.

a) Fundargerð Skólaskrifstofu Austurlands frá 9. nóv. sl. ásamt tilkynningu um aðalfund skrifstofunnar 23. nóv. nk. kl. 1500.

Fleira ekki rætt og þakkaði oddviti fundarmönnum góða umræðu og sleit fundi.